

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Bolungarvík



Dags eftirlits	26.6.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Bjarni Ólafsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	308595,844 634793,349

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Engar breytingar hafa verið gerðar í stöðinni. Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Bolungarvík, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í góðu lagi.

Þrír geymar eru í notkun í stöðinni og voru allir botnþykktarmældir árið 2008. Lagnir á bryggju voru þrýstiprófaðar sama ár. Þrýstiprófanir á lögnum í stöðinni skulu fara fram á þessu ári. Frágangur á plastkápu um lagnirnar hefur ekki verið nógu vandaður og er því veruleg tæring í gangi utan á lögnum. Á þetta hefur verið minnst í skýrslum undanfarinn ára. Olíuskilja var hreinsuð 24. apríl sl. Frárennsli var mælt með Macherey-Nagel prófi og olíuleifar í frárennslinu reyndust undir mörkum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Loki í mengunarvarnarþró var skoðaður og reyndist lokaður. Nokkrir IBC geymar standa enn undir bensinafgögnum sem hreinsaðir voru upp eftir óhapp í Hestfirði í janúar 2012. Koma þarf þessum úrgangi í eðlilegan farveg. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

Gamall geymir Skeljungs hf. við fiskimjölsverksmiðju Gná stendur enn.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

ANNAÐ

Áður hefur verið minnst á mikla tæringu sem er í gangi á stórum hluta lagna sem ganga á milli bryggju og olíubirgðastöðvarinnar á Bolungarvík. Enn er það gert hér. Þrýstiprófun sem gera þarf á árinu mun leiða í ljós hvort veruleg hættu er af þessu.

Úrgangur frá óhappi með bensinflutninga á árinu 2012 hefur verið geymdur í olíubirgðastöðinni í langan tíma. Koma þarf úrgangnum í eðlilegan farveg.

Gamall geymir fyrirtækisins stendur við aflóga fiskimjölsverksmiðju sem áður hét Gná og hefur verið lokað í nokkurn tíma. Huga þarf að geyminum.

Reykjavík, 21.08.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.